

# BREYTING Á KÖLDUKVÍSLARVIRKJUN Á TJÖRNESI, TJÖRNESHREPPI Ákvörðun um matsskyldu

## INNGANGUR

Þann 11. febrúar 2013 barst tilkynning frá Verkís ehf. um breytingar á Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi í Tjörneshreppi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Tjörneshrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Tjörneshreppi með bréfi dags. 26. febrúar 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 15. febrúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. febrúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. mars 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 26. febrúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Verkís ehf. með tölvupósti dags. 4. mars 2013 og bréfi dags. 22. febrúar 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að eftir að framkvæmdir hófust við byggingu Köldukvíslarvirkjunar hafi áformin breyst og því nauðsynlegt að tilkynna um breytingarnar til Skipulagsstofnunar til að kanna matsskyldu breyttra áforma.

Í greinargerðinni kemur fram að helstu breytingar séu:

- Afl virkjunarinnar verði aukið úr 2 MW í 2,8 MW.
- Stöðvarhúsi verði hnikað innan byggingarreits og hámarkshæð yfir gólfkóda hækkuð úr 8 m í 10 m.
- Inntakslón verði stækkað úr 0,8 ha í 1,6 ha. Stífla við inntak verður því hækkuð um 6 m og verður allt að 110 m breið.
- Inntaksskurður, um 450 m langur, til austurs safnar vatni úr Fellslæk sem áður fíll í Köldukvísl neðan Köldukvíslarfoss.
- Fallið hefur verið frá því að leggja vegslóða frá Kvíslarholi að inntakslóni en þess í stað verði slóði vegna pípulagnar varanlegur.
- Mun meira þurfti af sandi en gert hafði verið ráð fyrir eða 8.000 m<sup>3</sup> sem tekið var úr Eyvíkurfjöru. Fram kemur að stoðfylling í stíflu fáist úr stíflustæði.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Tjörneshrepps, Fiskistofu og Minjastofnunar Íslands er ekki talið að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja ólíklegt að framkvæmdirnar hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Sveitarstjórn Tjörneshrepps finnur að því að sótt væri um leyfi fyrir vegi og nýtingu vatns úr Fellslæk eftir að framkvæmdum væri nánast lokið.

**Áhrif á landslag.** Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdanna verði neikvæð áhrif á gróður og neikvæð sjónræn áhrif. Úr áhrifunum megi draga verði þess gætt að skeringar verði með svipuðum halla og óraskað land og nægjanlega flatar til að unnt verði að græða röskuð svæði upp á fullnægjandi hátt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaaðilar hafi ætíð haft að leiðarljósi við framkvæmd verksins og umgengni á framkvæmdastað, að raski sé haldið í lágmarki og haft jafnan í huga hvernig frágangi verði háttá við verklok. Ávallt hafi verið að áformað að frágangur framkvæmdasvæðis verði unnin í samráði og samvinnu við landeigendur og aðra sem að málín koma. Ábendingum Umhverfisstofnunar í umsögninni sé tekið fagnandi og muni verða kappkostað að öllum frágangi verði hagað í samræmi við þau markmið sem þar eru sett fram.

**Áhrif á menningarminjar.** Minjastofnun Íslands bendir á að kröfur Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir vegna upphaflegra áformar hafi verið uppfylltar og að breytt áform hafi ekki í för með sér frekari röskun á fornleifum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi sem m.a. fellst í hækkun og lengingu stíflu og hækkun á uppsettu afli virkjunarinnar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif af völdum framkvæmdanna séu sjónræn áhrif. Þau áhrif séu fyrst og fremst bundinn við þann tíma sem framkvæmdir standa yfir sem og þann tíma sem raskað svæði sé að gróa upp. En gangi áform framkvæmdaraðila um að lágmarka allt rask á framkvæmdatíma ásamt því að hlíta ábendingum Umhverfisstofnunar um landhalla á röskuðu landi og að ganga frá svæðinu strax í verklok má gera ráð fyrir að neikvæðu áhrifin verði fremur lítil og tímabundin. Þá áréttar Skipulagsstofnun niðurstöðu úr fyrri ákvörðun um Köldukvíslarvirkjun um að ávallt verði nokkuð rennsli í Köldukvísl frá stíflu að stöðvarhúsi líkt og framkvæmdaraðili áformar svo fiskur og straumönd sem þrífast í ánni verði fyrir sem minnstum áhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkís ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Verkís ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að umræddar breytingar á Köldukvíslarvirkjun séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Tjörneshrepps skv. 13. gr. skipulagsla nr. 123/2010, starfsleyfi Heilbrigðisefstirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. EKKI er heimilt að gefa út leyfi nema fyrir þeim framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á svæðinu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. apríl 2013.